

Ad.

37. Frumvarp

til laga um nauðungaruppbod á fasteignum og skipum.

Flutningsmaður: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Nú á fasteign eða skrásetningarskytt skip að seljast nauðungarsölu, og fer hún fram með einu uppbodi, sem uppbodsráðandi auglýsir einu sinni með minst 6 vikna fyrirvara í blaði því, sem flytur opinberar auglýsingar.

Ef sá, er uppboðs beiðist, óskar frekari auglýsingar, sjer hann sjálfur um það. Þó skal uppboðsráðandi, um leið og hann sendir uppboðsauglýsinguna til birtingar, skýra eiganda frá uppboðinu, í ábyrgðarbrjefi eða á annan tryggilegan hátt, ef vitanlegt er, hver hann er og hann er búsettur hjer á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928 og frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagaboð:

Opið brjef 22. apríl 1817, 3. gr.,
Tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., að því leyti sem hún snertir auglýsingu nauðungaruppboða,
og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við ákvæði laga þessara.

Greinargerð.

Eftir gildandi lögum verður að auglýsa nauðungaruppboð á fasteignum þrisvar sinnum með 14 daga fyrirvara, svo framarlega sem heimilt á að vera að afmá, að uppboðinu loknu, þau þinglesin eignarhöft, sem ekki hafa fengið fullnægingu á uppboðinu, og uppboðin eiga að vera 3. En það virðist alveg nægilegt að hafa þá reglu, að fasteignir sjeu seldar á einu uppboði. Það dregur úr kostnaði og venjan er sú, að enginn sækir 2 fyrri uppboðin, enda eru mjög viðtækar heimildir í gildandi lögum til þess að hafa aðeins eitt uppboð á fasteignum. Slíka heimild hefir t. d. Landsbankinn, veðdeild hans, Ræktunarsjóðurinn o. fl.

Ekkí sýnist heldur þörf á að auglýsa uppboðið þrisvar í röð. Nægileg hlýtur ein auglýsing að vera, en hún verður að vera með nokkuð löngum fyrirvara, svo að eiganda gefist tækifæri til að gera þær ráðstafanir, er þarf, til þess að fá uppboðið afturkallað. Rjett virðist, að löggjöldin geri ráðstafanir til, að eigandi fái sjerstaka tilkynningu um uppboðið, ef það er unt án þess að ganga á rjett þess, er uppboðs beiðist.

Sömu reglur þykir rjett að gildi um skrásetningarskyld skip.